



Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis
Sent rafrænt á nefndasvið@althingi.is

Reykjavík, 10. desember 2020

Efni: Umsögn SI og SA um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, 372. mál

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (saman nefnd „samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um ofangreind áform. Umsögn þessi tekur aðeins til þeirra áforma er varða lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 („vskl.“).


Samtökin hafa talað fyrir mikilvægi þess að framlengja átakið „Allir vinna“ út næsta ár hið minnsta og fagna því þessum áformum. Samhliða framlengingu á áttakinu vilja samtökin þó benda á að vinna við verksmiðjuframleidd íbúðarhús eða húseiningar fellur ekki undir úrræðið. Um slíka vinnu gildir þó annars konar endurgreiðsla, sbr. III. kafla reglugerðar nr. 449/1990 um endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna við íbúðarhúsnæði, ásamt áorðnum breytingum (hér eftir „reglugerðin“). Samkvæmt 9. gr. reglugerðarinnar eiga þeir sem framleiða hér á landi eða flytja inn verksmiðjuframleidd íbúðarhús eða húseiningar rétt til endurgreiðslu. Endurgreiðslan miðast við hlutfall af heildarsöluverði verksmiðjuframleiddra íbúðarhúsa að meðtöldum virðisaukaskatti, sbr. 10. gr.

Frá því að „Allir vinna“ átakið hófst hefur regluverkið í tengslum við endurgreiðslur til verksmiðjuframleiddra húsa og húseininga staðið óbreytt. Nauðsynlegt er að endurskoða það regluverk samhliða framlengingunni á áttakinu til að rétta samkeppnisstöðu fyrirtækja sem framleiða hús og húseiningar hér á landi. Sem dæmi um skekkju má nefna að átakið „Allir vinna“ var útvíkkað með þeim hætti að endurgreiðsla virðisaukaskatts nær til frístundahúsnæðis eða mannvirkja í eigu tiltekinnar félagasamtaka, slíkt hið sama á ekki við um verksmiðjuframleiddar einingar. Hvetja samtökin því til endurskoðunar á III. kafla reglugerðar nr. 449/1990, ásamt áorðnum breytingum, með það fyrir augum að rétta af skekka samkeppnisstöðu fyrirtækja sem framleiða hús og húseiningar hér á landi.

Samtökin vísa að öðru leyti til umsagna samtakanna um mál þetta á fyrri stigum, þ.e. umsögn dags. 28. september 2020, um áform til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, og umsögn félagsins dags. 9. nóvember 2020, um drög að frumvarpi til breytinga á lögnum, sbr. fylgiskj. 1 og 2.

SAMTÖK IÐNAÐARINS

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs


Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði



Fylgiskjöl:

1. Umsögn SI og SA um áform til frumvarps til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt, dags. 28. september 2020.
2. Umsögn SI og SA um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálaþjónusta o.fl.), mál nr. 227/2020, dags. 9. nóvember 2020



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
postur@fir.is

Sent í Samráðsgátt stjórnsvalda

Reykjavík, 28. september 2020

Efni: Umsögn SI og SA um áform til frumvarps til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (saman nefnd „samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um ofangreind áform. Umsögn þessi tekur aðeins til þeirra áforma er varða lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 („vskl.“).

Samtökin hafa talað fyrir mikilvægi þess að framlengja átakið „Allir vinna“ út næsta ár hið minnsta og fagna því mjög þeim áformum að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIV í vskl. til og með 31. desember 2021. Átakið er mikilvægur liður í því m.a. að draga úr svartri atvinnustarfsemi og skapa jákvæða hvata til að eiga viðskipti við heilbrigð fyrirtæki og fagmenn. Átakið hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi í byggingar- og mannvirkjagerð og verið liður í því að verja störf á tímum heimsfaraldurs. Samtökin telja þó að endurskoða eigi ákveðna þætti átaksins samhliða framlengingu á úrræðinu.

Í fyrsta lagi ítreka samtökin mikilvægi þess að útvíkka endurgreiðsluheimildina með þeim hætti að hún nái einnig til virðisaukaskatts af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélaskrá, á byggingarstað. Jarðvinna er nú með öllu undanskilin heimildinni, sbr. c-lið 5. gr. reglugerðar nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Samtökin sjá hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti og skýtur það skökku við, ekki síst þegar horft er til þess að um tímabundið úrræði er að ræða. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað og sú vinna sem markar upphaf framkvæmda í kjölfar hönnunar. Með endurgreiðslunni er m.a. verið að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega út. Endurgreiðsluheimildin nær yfir allar starfsgreinar mannvirkjagerðar að einni undanskilinni. Verður því ekki betur séð en að hér sé um að ræða mismunun milli starfsgreina í einstaklega erfiðu og ófyrirsjáanlegu árferði. **Samtökin hvetja eindregið til þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að fella jarðvinnu undir endurgreiðsluheimildina.**




Í annan stað vekja samtökin athygli á því að í niðurlagi 2. mgr. 42. gr. laga um virðisaukaskatt er ráðherra eftirlátið að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum og húseiningum í reglugerð. Er það gert í 10. gr. reglugerðar nr. 440/1990 með áorðnum breytingum.

Samtökin telja ljóst að með umræddri reglugerðarheimild sé ráðherra falið að breyta skatti en samkvæmt 40. gr., sbr. 77. gr. Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 skal það ákveðið með lögum. Því telja samtökin þörf á endurskoðun umræddra reglna, m.a. með hliðsjón af reglum um vinnu manna á verkstað hér á landi og jafnræðissjónarmiðum þannig að endurgreiðslan nái einnig til vinnu manna á verkstæði.

Samtökin áskilja sér þó rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum þegar drög að frumvarpi liggja fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
b.t. skrifstofu skattamála
postur@fjr.is

Sent í Samráðsgátt stjórnsvalda

Reykjavík, 9. nóvember 2020

Efni: Umsögn SI og SA um drög að frumvarpi til breytinga á lögum um virðisaukaskatt og lögum um fjársýsluskatt (fjármálaþjónusta o.fl.), mál nr. 227/2020

Samtök iðnaðarins og Samtök atvinnulífsins (saman nefnd „samtökin“) skila sameiginlegri umsögn um ofangreind drög. Umsögn þessi tekur aðeins til þess hluta þeirra er varða lög um virðisaukaskatt nr. 50/1988 („vskl.“).

Samtökin hafa talað fyrir mikilvægi þess að framlengja átakið „Allir vinna“ út næsta ár og fagna mjög þeim áformum að framlengja ákvæði til bráðabirgða XXXIII og XXXIV í vskl. til og með 31. desember 2021. Átakið er mikilvægur liður í því m.a. að draga úr svartri atvinnustarfsemi og skapa jákvæða hvata til að eiga viðskipti við heilbrigð fyrirtæki og fagmenn. Átakið hefur haft jákvæð áhrif á starfsemi í bygginga- og mannvirkjagerð og verið liður í því að verja störf á tímum heimsfaraldurs. Samtökin telja þó að endurskoða eigi ákveðna þætti átaksins samhliða framlengingu á úrræðinu.

Í fyrsta lagi ítreka samtökin mikilvægi þess að útvíkka endurgreiðsluheimildina með þeim hætti að hún nái einnig til virðisaukaskatts af vinnu stjórnenda skráningarskyldra ökutækja, stjórnenda farandvinnuvéla og vinnuvéla, sem skráningarskyldar eru í vinnuvélaskrá, á byggingarstað. Jarðvinna er nú með öllu undanskilin heimildinni, sbr. c-lið 5. gr. reglugerðar nr. 690/2020 um tímabundna endurgreiðslu virðisaukaskatts af vinnu manna. Samtökin sjá hvergi í lagatexta né öðrum lögskýringargögnum ástæður þess að jarðvinna sé undanskilin með þessum hætti og skýtur það skökku við, ekki síst þegar horft er til þess að um tímabundið úrræði er að ræða. Ljóst er að jarðvinna er í mörgum tilvikum stór hluti þeirrar vinnu sem unnin er á verkstað og sú vinna sem markar upphaf framkvæmda í kjölfar hönnunar.

Með endurgreiðslunni er m.a. verið að hvetja til nýframkvæmda og því óskiljanlegt að taka jarðvinnu sérstaklega út. Endurgreiðsluheimildin nær yfir allar starfsgreinar mannvirkjagerðar að einni undanskilinni. Verður því ekki betur séð en að hér sé um að ræða mismunun milli starfsgreina í einstaklega erfiðu og ófyrirsjáanlegu árferði. Samtökin hvetja eindregið til þess að gerðar verði nauðsynlegar laga- og reglugerðarbreytingar til að fella jarðvinnu undir endurgreiðsluheimildina.




Í annan stað ítreka samtökin þá afstöðu sína að æskilegt sé að útvíkka átakið með þeim hætti að það nái til vinnu manna á verkstæði tengt byggingu íbúðarhúsnæðis og húsgagnaframleiðslu, t.d. sérsníði á innréttingum, bólstrun o.fl. Vekja samtökin athygli á því að nú þegar er að finna í niðurlagi 2. mgr. 42. gr. vskl. heimild ráðherra til að kveða á um endurgreiðslu ákveðins hlutfalls virðisaukaskatts af verksmiðjuframleiddum íbúðarhúsum og húseiningum. Er það gert í 10. gr. reglugerðar nr. 440/1990, með áorðnum breytingum. Þá hefur átakið verið útvíkkað enn frekar og nær nú til viðgerða á bifreiðum sem fram fara á verkstæðum.


Í ljósi framangreindra fordæma eru að mati samtakanna engin haldbær rök á þessum tímapunkti sem réttlæta að vinna manna á verkstæði sé undanskilin endurgreiðslunni. Hvetja því samtökin til þess að átakið Allir vinna sé útvíkkað og nái til vinnu manna á verkstæði.

Samtökin telja mikilvægt að frumvarpsdrögnum verði breytt til samræmis við framangreindar athugasemdir en áskilja sér þó rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum þegar frumvarpið liggur fyrir.

SAMTÖK IÐNAÐARINS


Jóhanna Klara Stefánsdóttir,
Sviðsstjóri mannvirkjasviðs

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS


Heiðrún Björk Gísladóttir,
Verkefnastjóri á samkeppnishæfnisviði